




Fréttabréf

Íslenska bútaumaumfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumaumfélagið, Varsabær 7, 110 Reykjavík
1. tbl. 16. árgangur 2016



Elina Lusi-Grinberga námskeið



Inspiring classics – open window motif

The aim of this class is to create your own unique decorative surface by exploring the three-dimensional “open window” motif. Participants will learn design principles by combining “the window” with various views through it. Through the creative approach to such classical techniques as cutting, folding, pleating at least 3-4 different “views” will be made. Additionally the students will receive guidelines on several finishing options how to incorporate “the window” in the composition of the artwork. This piece may also further function as an idea or a part for a bigger quilt.

Class level: All levels

Class length: 6 hours



Inspiring nature – leaf motif

The aim of this class is to create a unique art piece that reflects the creative approach to depicting and stylising of the natural forms. The students will learn how to apply the machine-embroidered lace as a part of the design to incorporate lightness and transparency into artwork. By experimenting with different fabrics and combinations of techniques the participants will create an original art piece that may also further function as an idea or a part of a bigger quilt.

Class level: All levels

Class length: 3 hours

Kynning á Elina Lusis-Grinberga



Það undrar engan að Elina Lusis-Grinberga hafi lagt textillist fyrir sig. Faðir hennar er listmálari og móðir hennar textillistamaður. Allt frá barnæsku man hún eftir sér við að búa eitthvað til úr afgangum sem féllu til hjá foreldrum hennar. Málning á bursta og efni, tvinni og þræðir. Hún var mjög ung að árum þegar hún vissi að hún myndi vinna sín eigin verk. Sú vissa auðveldi henni að verða faglegur listamaður. Þó hún hafi alist upp innan um pensla, málningu og málverk var hún alltaf með hugann við textil og alla þá möguleika sem hann býður upp á.

Hún er með B.A. gráðu frá Textile Department of Latvian Academy of Arts og M.A. gráðu í Textil arts frá sama skóla. Hún hefur unnið með textillist í 30 ár eða síðan 1985. Á þeim tíma hefur hún lært að nota ýmsa tækni og mismunandi efni, s.s. batik, panel o.fl.

Hún hefur aldrei efast um að sérstakur textil still er hennar viðfangsefni.

Undanfarin 15 ár hefur athygli hennar einnig dregist að bútasaum og annarri sköpunartækni og endalausum hugmyndum á því sviði. Nútímataekni og stafræn verkfæri bjóða upp á breitt úrval af lausnum. Hún hefur fundið dýrmætar nýjungar þar sem ný efni eiga leið til að tjá eitthvað þegar hefðbundin aðferð eða efni myndu ekki nægja. Verk úr óhefðbundnum trefjum endurspeglar tilraunir hennar og mismunandi aðferðir, til dæmis ásaumur, batik, og hand- og vélútsaumur.

Elena er formaður Lettneska búta-saumsfélagsins. Í félaginu eru rúmlega 100 félagar. Félagið er u.þ.b. 10 ára og stendur árlega fyrir sýningu „Quilting Art Riga“.

Á síðustu 10 árum hefur hún verið fengin til að kenna á bútasaumshátíðum

í Evrópu s.s. Birmingham Englandi, St. Marie-aux-Mines Frakklandi, St. Moritz Sviss, Pétursborg og Moskvu, Rússlandi.

Markmið hennar er að hvetja nemendur og kenna þeim hvernig á að þróa eigin listrænan stíl og búa til skemmtileg verk með því að nota og gera tilraunir með mismunandi efni úr trefjum og með annari áferð auk skapandi bútasaums með öllum nýju saumvélunum.

Elina hefur alltaf lagt áherslu á að gera hlutina mjög vel og skipulega. Hún tileinkar sér tæknilega færni og rannsóknir. Hún kynnir sér sögu efna og framfarir og þróun þeirra í nútíma samhengi. Hún hefur alltaf verið forvitin og fús til að auka þekkingu sína og fylgjast með því nýjasta í listaheiminum.

Ragnheiður Björnsdóttir